

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Skálholtsskóla

Háskóli Íslands og Skálholtsskóli gera með sér eftirfarandi samstarfssamning sem tekur við af samstarfssamningi frá 20. september 1996:


- I. Háskóli Íslands og Skálholtsskóli vinna saman að fræðslu og rannsóknum svo og aukinni kynningu á þeirri sögu og menningu þjóðarinnar, sem órjúfanlega er tengd nafni Skálholts, með ráðstefnum, fundum, námskeiðum og útgáfu og öðru því er fellur að hlutverki stofnanna. Það getur m.a. falist í:
 - a) Að háskólinn styðji eftir atvikum viðleitni kennara til að nýta aðstöðu í Skálholti til kennslu hópa nemenda í einstökum námskeiðum, sbr. einnig lið II.
 - b) Að háskólinn styðji eftir atvikum kennara og sérfræðinga háskólans, þ.m.t. doktorsnema, til að nýta aðstöðu til rannsóknastarfa í Skálholti, sbr. einnig liði II og III.
- II. Skálholtsskóli veitir starfsmönnum og nemendum Háskóla Íslands aðstöðu og afnot eftir því sem við verður komið. Má þar nefna að Skálholtsskóli veitir Háskóla Íslands aðstöðu til fundarhalda fyrir stjórnslu háskólans, til funda, námskeiða og ráðstefna fyrir fræðasvið, deildir og stofnanir háskólans. Í þessu felst endurgjaldslaus aðgangur að stofum og bókasafni. Fyrir þjónustu mötuneytis og gistaðstöðu nýtur Háskóli Íslands sömu vildarkjara og kirkjulegir aðilar njóta hverju sinni.
- III. Háskóli Íslands og Skálholtsskóli hafa í sameiningu komið upp aðstöðu fyrir fræðimann í Skálholti. Þar er sérstök vinnuaðstaða sem gerir fræðimanni kleift að dvelja í Skálholti um lengri eða skemmri tíma við rannsóknastörf og þar er jafnframt nauðsynlegur búnaður, s.s. prentari, ljósritunarvél o.fl. í eigu Háskóla Íslands og merkt honum.
- IV. Samstarfssamningur þessi verður sérstaklega kynntur innan Háskóla Íslands og annast Skálholtsskóli bókanir á aðstöðu í Skálholti.

Reykjavík, 30. mars 2016

F.h. Háskóla Íslands


Jón Atli Benediktsson (sign)

F.h. Skálholtsskóla


Halldór Reynisson (sign)